

## Íslenska 2. bekkur

### Markmið að nemandi:

#### Talað mál, hlustun og áhorf:

- Fáir æfingu í framsögn, geti endursagt sögur og leiki fyrir hóp.
- Fáir æfingu og hafi tileinkað sér reglur sem gilda í samræðum og færi rök fyrir máli sínu.
- Fáir þjálfun í að hlusta á sögur, leikrit og ljóð.
- Noti talað mál og hlustun.
- Hafi lesið, endursagt, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum.
- Sé fær um að tjá sig skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp t.d. í leiksýningu.

#### Lestur og bókmenntir

- Kynnist undirstöðuatríðum lestrar.
- Kynnist fjölbreyttum textum, sögum, ljóðum og þulum.
- Kynnist skólasafni og þjálfist í að fá gögn að láni.
- Auki lestrarhraða og lesskilning.
- Efli orðaforða og málskilning.
- Kynnist notkun margmiðlunarefnis.

#### Ritun

- Þjálfir fínhyringar, þekki skrifaráttina og læri að draga til stafs.
- Æfist í sögugerð með einfaldri atburðarrás (ýmist sjálfur eða með aðstoð).
- Geri greinarmun á há- og lágstöfum.
- Þjálfist í undirstöðuatríðum stafsetningar s.s. lítill /stór stafur.
- Fáir tækifæri til að semja léttan texta.

#### Málfræði

- Fáir tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.
- Öðlist jákvætt viðhorf til móðurmálsins með því að leika sér með það á margvíslegan hátt.
- Vinni með hugtakið setning og vinna með rímorð.
- Vinni með stafrófið og átti sig á mun sérhljóða og samhljóða.

- Kynnist hugtökunum samheiti, andheiti og sérnöfn.

## Kennsluhættir

Með 2. bekk eru unnin fjölbreytt verkefni í lestrarkennslunni þar sem nemendur skrifa stafi, orð og stutta texta af ýmsu tagi eftir getu í skrifarbækur, vinnubækur og tölvur. Einnig eru notuð ýmiskonar spil, listsköpun og þrautir. Mikil áhersla er lögð á að nemendur dragi rétt til stafs og temji sér vönduð vinnubrögð. Sjálandsskóli hefur tekið upp lestrarkennsluaðferðina *Pals* og er henni beitt í 2. bekk. *Pals* byggir á paralestri þar sem þör lesa saman, leiðrétta hvert annað, gefa stig og auka lesskilning.

Nemendur lesa í skólanum fyrir kennara 5 sinnum í viku nema þegar *Pals* er í gangi, þá lesa þeir fyrir samnemendur.

Málfræðin er aðallega unnin í hringekjuvinnu, þá er innlögn í byrjun hringekju og margvísleg verkefni unnin í framhaldi af því.

## Námsefni:

Handbók um *Pals*, Skrift 2 og 3, Lestrarlandið, Ritrún 1- 2 og ýmsar lestrarbækur, námsspil, ýmsir leikir, námsforrit í I-pad og ýmis verkefni. Þegar nemendur hafa náð undirstöðum í lestrarfærni mega þeir fara á bókasafnið og velja sér lestrarbók í samráði við kennara.

## Námsmat:

Hraðlestrarpróf, orðleysupróf og próf í sjónrænum orðaforða frá MMS eru lögð fyrir alla nemendur í september, janúar og í lok maí. Í lok hverrar annar eru stuttar stöðukannanir lagðar fyrir nemendur í skrift, málfræði og lesskilningi. Niðurstöður eru birtar foreldrum í Námfús.

## Stærðfræði 2. bekkur

### Markmið að nemandi:

Spurt og svarað með stærðfræði

- Lesi (með aðstoð) texta um stærðfræðileg viðfangsefni og greini um hvað það fjallar.

- Útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni.
- Geti beitt skipulögðum aðferðum við lausnir verkefna og þrauta
- Vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir.

#### Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Noti vasareikni til að sjá hvernig tölur breytast.
- Vinni með talnalínu
- Þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn.

#### Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Noti ýmis spil og leiki sem reyna m.a. á talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni.
- Vinni með peninga/kennslupeninga.
- Ræði um tímatal, klukku, vikur, mánuði og ár.

#### Tölur og reikningur

- Sýni skilning á tölum frá 1 og upp í 100.
- Vinni með talnalínu.
- Raði tölum í flokka, s.s. tugtölur og oddatölur.
- Þjálfist í að nota þekkingu sína á tölum við hugarreikning
- Noti talnalínu til að skoða eðli reikniaðgerða.
- Kynnist deilingu bæði með því að helminga og tvöfalda.

#### Algebra

- Skoði og myndi talnamynstur s.s sléttar tölur og odda tölur.

#### Rúmfræði og mælingar

- Geti framkvæmt einfaldar mælingar.
- Skoði lögun hluta og ræði um eiginleika og notagildi.
- Átti sig á mun flatarmáls og ummáls.
- Vinni með samhverfur og finni speglunarása.
- Þekki tví- og þrívíð form.

#### Tölfræði og líkindi

- Geri töflur og einföld súlurit um eitthvað sem tengist daglegu lífi.
- Geti talið, flokkað og skráð niðurstöður.
- Ræði um niðurstöður útreikninga.

### Kennsluhættir:

Reynt er að hafa stærðfræðikennsluna sem fjölbreyttasta þar sem hugsmíðahyggja er höfð að leiðarljósi, það er að nemendur læri af eigin upplifunum (útikennsla, kubbar, mælingar, námsspil, leikir o.fl.). Vinna í kennslubókum fer fram á heimasvæðinu.

Nemendur nota hjálpargögn eftir þörfum eins og talnagrindur, steina, kennslupeninga, vasareikna, spegla, hundraðtöflu o.fl.

Nemendur fylgjast að í námsefninu en fara misdjúpt í efnið eftir getu hvers og eins.

### Námsefni:

Sproti 2A og 2B (nemendabók og æfingahefti)

Orðadæmi

Viltu reyna

Vasareiknihefti

Önnur fjölfölduð verkefni.

Ýmis stærðfræðiforrit s.s. Glói geimvera í stærðfræðiheimi, Sproti í Noregi og Bogi blýantur.

### Námsmat:

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir veturinn með kaflaprófum í Sprotu og í lok hvernar annar eru stöðukannanir lagðar fyrir nemendur og niðurstöður birtar foreldrum í Námfús.

## Þema 2. bekkur

Í 2. bekk er miðað við að unnin séu 3 þemu fyrir áramót og 3 eftir áramót. Þemu sem tekin voru í 2. bekk skólaárið 2010 - 2020 voru:

Skólabyrjun, skólareglur og umferðareglur

Veður

Jólaleikrit

Dýrin í Hálsaskógi

Líkaminn

Land og þjóð

## Skólabyrjun, skólareglur og umhverfið

### Markmið

Að nemandinn:

- þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum.
- þjálfist í að skrá athuganir sínar í máli og/eða mynd.
- þjálfist í að flytja mál sitt skýrt og skipulega í heyranda hljóði og hlusti á aðra.
- læri um umferðarreglur í nánasta umhverfi.

### Kennsluhættir

Farið yfir skóla- og vinnureglur í skóla. Nemendur kynnst húsnæði skólans. Lögð verður áhersla á lífsleikni og leiki til þess að þetta hópinn. Þemað tengist markmiðum úr samfélagsfræði, íslensku og lífsleikni.

### Námsefni

Ýmis verkefni og umræður.

### Námsmat

Námsmat byggt á samvinnu nemenda, áhuga og sjálfstæði í vinnubrögðum.

### Veður

Að nemandi:

- Fylgist með og skrái upplýsingar um veður í heimabyggð.
- Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf
- Sagt frá og framkvæmt með hversdaglegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.
- Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.

### Kennsluhættir

Fjallað um árstíðirnar og ólíkt veður þeim tengdum. Allir nemendur fengu að vera veðurfræðingar og kynntu veðurspá dagsins fyrir samnemendum. Nemendur kynnst veðurtáknum og setja rétt merki í súlurit. Ýmsar tilraunir og kannanir verða gerðar, t.d. á úrkomu og skýjum. Hringrás vatns og skýjamyndun verða skoðuð.

### Námsefni

Komdu og skoðuðu hringrásir og margt fleira.

### Námsmat

Vinnusemi, vandvirkni og áhugi nemenda metinn.

## Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum (unnið í samvinnu við 1. bekk)

### Markmið

Að nemandi:

- fái tækifæri til leikrænnar tjáningar.
- kynni vinnu sína fyrir skólafélögum og foreldrum.
- taki þátt í stuttum leikþætti og/eða söngþætti.
- geri verkefni sem gerir kröfu um munnlega tjáningu.

### Kennsluhættir

Unnið með sögu og boðskap jólanna og sýning sett á svið í tengslum við vísur Jóhannesar úr Kötlum.

### Námsefni

Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum.

### Námsmat

Námsmat byggt á vinnusemi, vandvirkni og samvinnu nemenda.

## Dýrin í Hálsaskógi (unnið í samvinnu við 1. bekk)

Markmið að nemandi:

- noti leikræna tjáningu.
- kynni vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum.
- taki þátt í stuttum leikþætti og/eða söngþætti.
- geri verkefni sem geri kröfur um munnlega tjáningu.
- kynnist margbreytileika mannlífsins.
- syngi fjölbreytt sönglög.
- vinni með grunnform og náttúruleg form við gerð sviðsmyndar.
- útbúi leikbúninga og sviðsmuni.

### Kennsluhættir

Margvísleg verkefni í tengslum við íslensku, listgreinar, tónmennt og lífsleikni unnin.

Leikritið sett á svið og boðið á tvær sýningar á sal skólans, ein fyrir nemendur og starfsfólk skólans og ein fyrir aðstandendur. Nemendur læra söngva og texta, útbúa leikmynd og leikbúninga ásamt því að vinna ýmis önnur verkefni í tengslum við þemað.

### Námsefni:

Bókin og geisladiskurinn Dýrin í Hálsaskógi og heimatilbúið handrit.

## Námsmat

Námsmat byggt á samvinnu nemenda, áhuga, sjálfstæði í vinnubrögðum og út frá virkni á æfingum.

## Líkaminn

### Markmið

Að nemandi:

- vinni verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi.
- vinni fjölbreytt verkefni sem örva hann til lestrar.
- þjálfist í að lýsa hlutum og athöfnum í rituðu máli og skrái sjálfur eða með aðstoð.
- geti skrifað skýrt og læsilega.
- hafi tjáð hugmyndir sínar og reynslu.
- geti fylgt fyrirmælum.
- gera sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
- geri sér grein fyrir að afkvæmi erfa eiginleika frá foreldrum sínum.
- geta nafngreint flesta sjáanlega líkamshluta mannsins.
- geri sér grein fyrir að líkaminn er gerður úr líffærum sem gegna ákveðnum hlutverkum, svo sem beinum, vöðvum, hjarta, blóðrás, lungum, meltingarfærum, heila og skynfærum.
- geri sér grein fyrir mikilvægi ákveðinna þátta fyrir heilbrigði og líðan, svo sem heilsu, hreinlætis, fæðu, tannverndar, hreyfingar og svefns.
- geri sér grein fyrir áhrifum fæði á líkamann.
- læri að hver maður er einstakur en jafnframt hluti af heild, fjölskyldu, skólasamfélagi, bæjarfélagi og þjóðfélagi og að því fylgir ábyrgð.

### Kennsluhættir

Margvísleg verkefni verða unnin í tengslum við líkamann. Fjallað verður um hin ýmsu líffæri líkamans og hvernig þau virka. Búin verður til bók úr öllum verkefnum sem nemendur leysa.

### Námsefni

Komdu og skoðaðu líkamann og ýmis verkefni.

### Námsmat

Námsmat byggt á vinnusemi, vandvirkni og samvinnu nemenda.

## Land og þjóð

Markmið að nemandi:

- fræðist um stjórnarkerfi landsins.
- fái æfingu í að afla upplýsinga við verkefnagerð.
- vinni fjölbreytt verkefni sem örva hann til lestrar.
- þjálfist í að lýsa hlutum og athöfnum í rituðu máli og skrái sjálfur eða með aðstoð.
- ræði um samfélagið og noti valin hugtök í því samhengi.
- geti sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu.

## Kennsluhættir

Byrjað var á hugstormun um hvernig og hver stjórnar Íslandi. Gerð bók með verkefnum um íslenska fánann, skjaldarmerki Íslands, merkar byggingar og fleira.

## Námsefni

Bókin Komdu og skoðaðu land og þjóð og ýmis verkefni sem kennarar gerðu.

## Námsmat

Námsmat byggt á vinnusemi, vandvirkni og áhuga nemenda.

## Upplýsinga og tæknimennt 2. bekkur

Markmið að nemandi:

- Noti fartölvur skólans og jaðartæki.
- Temji sér ákveðnar umgengisreglur í vinnu á tölvur.
- Geti kveikt á tölvum og jaðartækjum og náð í forrit sem notuð eru.
- Geti gengið rétt frá forritum og öðrum jaðartækjum.
- Geti notað kennsluforrit sem hæfa þessum aldurshópi.
- Hafi lært staðsetningu stafa og talna á lykklaborði samhliða færni í lestri og stærðfræði.
- Geti unnið í ritvinnsluforritinu Word og kunnir undirstöðuatriðin til þess að skila frá sér texta í forritinu.
- Geti ritað texta í ritvinnslu.
- Kunnir að nota ákveðna sérlykla á lykklaborði, s.s. að eyða texta, leiðrétta texta og rita stóra stafi.
- Geti nýtt sér efni af Neti sem hæfir þessum aldurshópi.
- Geti notað teikniforrit.
- Tileinkir sér rétta líkamsbeitingu við innslátt á texta.
- Átti sig á hvernig lykklaborð skiptist í hægri og vinstri hluta.
- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu.
- Geti gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði.



- Geti nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.

### Kennsluhættir

Nemendur fá 40 mínútna tölvutíma í hverri viku. Megináhersla er lögð á fingrasetningu og umgengni við tölvur. Jafnframt er unnið með fjölbreytt kennsluforrit sem hæfa þessum aldri. Nemendur taka fyrstu skrefin í kóðun og læra á teikni- og ritvinnsluforrit.

### Námsefni

Forrit frá Námsgagnastofnun s.s:

Glói geimvera á lestrareyju, Glói geimvera í stærðfræði, Glói geimvera lærir að lesa, Bogi blýantur.

Forrit á vef Námsgagnastofnunar: Stafaleikir Búa, Tölustafirnir, Klukkan, Fingrafimi, Fingraleikir (Dordinglar og Töframaðurinn).

Bitsboard, Telling time.

Office forritið Word

Teikniforrit s.s. Paint og Kidpix,

Kóðun á code, Box Island, Bluebot og Osmo.

### Námsmat:

Metið er hvort nemandi hafi náð markmiðum í lok skólaárs.

## Enska 2. bekkur

### Markmið að nemandi:

- Skilji einföld orð og setningar.
- Geti tekið þátt í einföldum samskiptum t.d. kynnt sig og heilsað.
- Skilji helstu kveðjur og kurteisorð í samskiptum.
- Þekki litina og tölustafi frá 0-10
- Þekki fataheiti, fjölskylduheiti o.s.frv.
- Þjálfist í að hlusta á fyrirmæli.
- Geti tekið undir söng.

### Kennsluhættir

Lögð er áhersla á að kenna ensku í gegnum leiki, söngva og hlustun.

### Námsefni:

Right on vinnubók.

### Námsmat:

Stutt könnun er lögð fyrir úr því efni sem hefur verið farið í. Einnig er tekið mið af virkni og áhuga nemenda.

## Námsvísir 2. Bekkur-myndmennt

---

### Hæfniviðmið:

#### *Að nemendur geti:*

- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu
- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í merðferð lita
- þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni
- unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar
- gengið frá eftir vinnu sína

### Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefnin fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni. Verkefnin eru kynnt nemendum með myndum, spjalli og stuttri sýnikennslu. Kennari gengur svo á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum. Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

### Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekkt hjá öllum nemendum á yngsta stigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið.

Nemendur eru metnir á sex bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans.

### Tímafjöldi:

Kennt er þrisvar í viku, í 3-4 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein tvisvar á vetri. Hópnum er skipt í 2 minni hópa, um 12 nemendur í hóp.

# Hönnun og smíði- 2. bekkur

---

## Hæfniviðmið:

### Að nemendur geti:

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt
- dregið einfalda skissu og fært yfir á efniviðinn
- sagað út einföld verkefni úr við
- gengið vel um smíðastofuna, verkefni sín og annarra
- gengið frá eftir vinnu sína

### Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt en einföld til að byrja með en þó þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni. Verkefni eru kynnt nemendum með myndum, spjalli og stuttri sýnikennslu. Kennari gengur svo á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum. Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni.

### Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekkt hjá öllum nemendum á yngsta stigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið.

Nemendur eru metnir á sex bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans.

### Tímafjöldi:

Kennt er tvisvar í viku, í 3-4 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein tvisvar á vetri. Hópnum er skipt í tvo hópa, um 9 nemendur í hóp.

## Tónmennt í 2. bekk

### Hæfniviðmið

#### Að nemandinn geti:

- þekkt útlit og hljóð hljóðfæra tónmenntastofunnar og nokkur hljóðfæri úr hverjum hljóðfæraflokki sífóníuhljómsveitar
- sungið eða leikið á skólahljóðfæri eftir einföldum styrkleikamerkjum
- greint á milli þrí- og fjórskipts takts
- sungið í hópi með skýrum framburði fjölbreytt sönglög og þulur
- beitt rödd sinni í einföldum spuna

- leikið einfaldan rytma og þrástef eftir nótum á slaverksljóðfæri og önnur skólahljóðfæri
- geti leikið einfalt stef eftir heyrn á laglínuhljóðfæri
- leikið á skólahljóðfæri í takt við tónlist
- notað algengustu nótnagerðir við að skrá rytma
- spunnið einfaldan spuna á skólahljóðfæri
- notað grafíska nótnaskrift við flutning og skráningu tónlistar
- samið hljóðverk í hóp
- útskýrt hvað þjóðlag er og kunni nokkur íslensk þjóðlög
- rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun
- notað spjaldtölvu og tónlistaröpp til tónsköpunar

## Kennsluhættir

Mikil áhersla er lögð á að nemendur læri fjölbreytt sönglög og þulur í tengslum við morgunsönginn. Hlustun er þjálfuð hjá nemendum með því að hlusta eftir fyrirfram ákveðnum þáttum eins og hraða, styrk, takti, hljóðfærum eða röddum. Unnið er með hryn bæði með ýmiskonar hreyfileikjum og beinni hljóðfæravinnu. Mikið er unnið með spuna þar sem nemendur fá að spinna frjálst yfir undirspil á sílafón eða annað skólahljóðfæri. Nemendur semja saman í hóp hljóðverk og nota til þess rödd, líkamann, hljóðfæri auk spjaldtölva.

Tónmennt tengist mikið þeim þemum sem nemendur eru í hverju sinni hjá umsjónarkennurum og er unnið markvisst með hæfniviðmið tónmenntar í tengslum við þemun.

Á hverju ári setur fyrsti bekkur upp leikrit ásamt nemendum annars bekkjar. Tónmennt tengist þessum uppsetningum á þann hátt að nemendur læra og æfa lög leikritsins í tónmenntatímum.

Leiðbeinandi kennsluhættir henta mjög vel við tónmenntakennslu og eru nýttir til að hjálpa nemendum að átta sig á markmiðum og eigin stöðu hverju sinni.

## Námsgögn

- skólahljóðfæri og aðrir hljóðgjafar s.s. líkaminn og hlutir úr náttúrunni
- námsefnið: Tónlist og líkaminn
- námsefnið: Tónlist og tíminn
- námsefnið: Það var lagið
- námsefnið: Tónmennt 1. hefti og Tónmennt 2. hefti
- námsefnið: Hring eftir hring
- myndbönd
- geisladiskar og tónlist af netinu
- einfaldar hljóðfæraútsetningar
- spjaldtölvur og tónlistaröpp
- annað námsefni útbúið af kennara

## Námsmat

Nám nemenda er metið með símati, skriflegum könnunum og verkefnum auk sjálfsmats. Video- og hljóðupptökur eru reglulega gerðar til að fylgjast með framförum og getu nemenda í söng og hljóðfæravinnu. Tónsköpun og spuni nemenda eru tekin upp og metin. Þekkingaratriði eru metin með skriflegum könnunum og verkefnum unnum í tímum. Tvisvar á vetri fá nemendur afhent námsmat í tónmennt þar sem hæfniviðmiðin eru útlustuð með eftirfarandi skala:

- A Framúrskarandi hæfni
- B + Mjög góð hæfni
- B Góð hæfni
- C + Nokkuð góð hæfni
- C Sæmileg hæfni
- D Ófullnægjandi hæfni

## Textílmennt - 2. bekkur

### Hæfni

Að nemendur geti:

- klippt efni
- þrætt grófa nál
- hnýtt einfaldan og margfaldan hnút
- saumað þræðispor
- vefað á spjald
- fingraprjónað
- saumað einfalt verkefni í saumavél
- þæft ull
- snúið band
- notað hugtök og heiti sem tengjast greininni
- notað fjölbreyttar mælieiningar svo sem faðmur

### Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefnin fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefnin eru gjarnan kynnt nemendum með sögum og/eða myndum, þá er stutt sýnikennsla og loks gengur kennari á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efling sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

**Námsmat:**

Markmið verkefna eru skýr í upphafi og tengjast hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Kennarinn varðar leið nemenda og leiðbeinir þeim áfram í sinni vinnu. Megin áhersla er á verkferlið og þá hæfni sem nemendur öðlast. Námsmatið er á 6 bila kvarða og skráð í Námfús í lok hverrar lotu. Að vori er námsmatið tekið saman og gefin lokaekun.

**Tímafjöldi:**

Kennt er 2 í viku, í 3-5 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein 2 á vetri. Hópnun er skipt í 5 minni hópa, um 12 nemendur í hóp.

**Hæfniviðmið í 1. – 2. bekk**

- Getur notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum
- Getur unnið úr nokkrum gerðum textílefna
- Getur unnið eftir einföldum leiðbeiningum
- Getur fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna
- Getur skreytt textílvinnu á einfaldan hátt

